



# Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

543. stjórnarfundar 14. maí kl. 18:00

## Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Birgir Már Bragason, Jónína Steinunn Helgadóttir, Björg Hafsteinsdóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir.

### 1. Fulltrúi knattspyrnudeildar

Jónas Guðni Sævarsson mætti á fundinn og ræddi stöðu knattspyrnudeildarinnar. Hann spurði hvort aðalstjórn hefði eitthvað heyrt frá ÍT ráði eftir fund sem var fyrir 4 vikum síðan um styrk til deilda. Spurði um styrk frá ÍSÍ og hvort aðalstjórn hafi fjármagn til að styrkja deildir. Jónas fékk þau svör að ekki hefði neitt komið frá ÍT, varðandi styrk frá ÍSÍ verður honum úthlutað um leið og hann kemur og varðandi fjármagn frá aðalstjórn þá er það til umræðu á þessum fundi.

### 2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

### 3. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá knattspyrnudeild/KSÍ um tillögur vinnuhóps vegna skiptingar á fjármagni frá ríkinu.

Bréf frá umboðsmanni skuldara.

Tölvupóstur frá íþrótt- og tómskundafulltrúa Reykjanesbæjar, Hafþóri Barða Birgissyni, vegna umsókna um störf hjá Reykjanesbæ.

Tölvupóstur frá knattspyrnudeild tekið fyrir undir lið 1.

Tölvupóstur frá UMFÍ vegna úthlutunar úr fræðslu- og verkefnasjóði.

Tölvupóstur frá Guðbjörgu Jónsdóttur um leigu á Hringbraut 108. Tekið jákvætt í erindið og **Framkvæmdastjóra veittr heimild til að leigja húsið.**

Tölvupóstur frá körfuknattleiksdeild vegna styrks ÍSÍ, Covid 19.  
Skinfaxi.

### 4. Send bréf

Tölvupóstur sendur á íþrótt- og tómskundafulltrúa Reykjanesbæjar, Hafþór Barða Birgisson, með ósk um að koma á fund ÍT og ræða stöðu deilda vegna fjárhagsáhrifa Covid 19.

Tölvupóstur sendur á íþrótt- og tómskundafulltrúa Reykjanesbæjar, Hafþór Barða Birgisson, með ósk fimleikadeildar um að koma á fund og fara yfir ástand á Fiber.

Tölvupóstur sendur á íþrótt- og tómskundafulltrúa Reykjanesbæjar, Hafþór Barða Birgisson með óskum um störf hjá Reykjanesbæ.

### 5. Hreyfivika UMFÍ

Hreyfivika UMFÍ verður 25.-31. maí. Póstur um þetta sendur áfram til deilda.

### 6. Önnur mál

A. Útdeiling á fjármagni sem kemur frá ríkinu til deilda rædd. Fjármagn liggur ekki fyrir en um leið og fjármagn kemur mun aðalstjórn útdeila því til deilda sem verst hafa farið vegna Covid19.

B. Aðalstjórn ákvað að styrkja körfuknattleiksdeild og knattspyrnudeild um 2,5 milljónir hvora deild vegna Covid 19.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 28. maí 2020.

Fundi slitið kl. 19:50. Fundinn ritaði Eva Björk